

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald, að lágmarki kr. 7.900, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorphílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorphílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 7.900
2. fyrir 500 l gám kr. 18.700
3. fyrir 660 l gám kr. 22.000

Heimili sem óska eftir aukasorphíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu greiða fyrir hvert ílát árlegt gjald sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 11.580
2. fyrir 500 l gám kr. 26.312
3. fyrir 660 l gám kr. 34.736

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2004 var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 387. fundi þann 29. desember 2003 með vísun til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, og samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum. Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 27, frá 4. janúar 2001.

Mosfellsbæ, 29. desember 2003.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri.